

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 198/1968. **Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f**
 gegn
Jóhanni Þórlindssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1968, er barst dóminum 4. nóvember 1968, og krafist þess, að úr gildi verði felld synjun fógeta um að lýsa fjárnámi í v/b Hafborgu, GK 99, auk bifreiðarinnar Ö 1119.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, shr. 21. gr., 3, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fjárnámsgerð fógetadóms Keflavíkur 9. október 1968.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vilhjálmur Þórhalls-son hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 18. 9. 1967, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 60.973.82, auk 1% mánaðarvaxta frá 5. 10. 1966 til greiðsludags, kr. 170.00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 10.000.00 í málskostnað, kr. 130.00 í ritlaun og dómsbirtingu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætti að tilhlutan fógetans Málfríður Þóroddsdóttir, eiginkona gerðar-

pola, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarpola til lögtaks og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir á eftirtalda muni til fjárnáms: bifreiðina Ö 1119 og m/b Hafborgu, GK 99, sem nú er í Grindavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í bifreiðinni Ö 1119, en að gerðinni væri frestað, hvað bátinn varðar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarpola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu (sic) á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa að viðlagðri refsíabýrgð að lögum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að fógeti lýsti því yfir, að fjárnám væri gert í m/b Hafborgu, GK 99. Fógeti varð ekki við þeirri kröfu, þar sem báturinn er ekki staddur nú innan lögsagnarumdæmisins.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 171/1967. **Sigmar Pétursson** (Ingi R. Helgason hrl.)
 gegn
Oddnýju Aðalsteinsdóttur og gagnsök.
 (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á. Krefst hann þess, að sér verði einungis gert að